


## Símavakt - Aðstoð í Sögu 3.1.39


Í Sögu 3.1.39 er komin ný eining sem hönnuð var fyrir Læknavaktina. Þessi eining er ætluð fyrir símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga.



**Velja einstakling.** Þegar komið er inn í eininguna er byrjað á því að velja einstakling með því að slá inn nafn eða kennitölu.




**Hvaðan er hringt?** Þegar einstaklingur hefur verið valinn er skráð hvaðan einstaklingur hringir.



**Upplýsingar um símtal.** Símanúmer einstaklings er skráð og hakað í hvort um endurhringingu/ítrekun/afpöntun er að ræða.

**Upplýsingar um símtal**

Símanúmer:

Tegund:  Endurinnhringing / ítrekun / afpöntun

Dagsetning og tími: 15 apr. 2016 10:44

**Athugasemdir/frjáls texti.** Hægt er að skrá frjálsan texta í miðju skráningarviðmótinu (sjá mynd efst í skjalinu).

**Tilefni, Einkenni og Úrlausn.** Neðst í glugganum eru skráð tilefni, einkenni og úrlausn. Fyrst er tilefni valið og þegar það hefur verið valið birtast valmöguleikar fyrir einkenni (sem passa við valið tilefni). Loks er úrlausn valin. Í öllum dálkum er hægt að leita. Hægt er að fjöldavelja einkenni og úrlausnir ef **stilligildi 3104 og 3105** eru virk.


Tilefni	Einkenni	Úrlausn
Leita...	Leita...	Leita...
Almenn	Annað eink frá eyrum	Annað
Augu	Eyrnaverkur	Hefði sent í vitjun en aðstæður buðu ekki L
Blóð / eitlar	Hella fyrir eyrum	Ráðlagt að fara á móttöku LV
<b>Eyru</b>	Vessar úr eyra	Ráðlagt að hafa samband / fara á móttöku
Félagsleg		Ráðleggingar, útskýringar, endurmat
Geð		Símtali vísað / áframsent beint á vaktlækni
Hjarta / æðar		Vitjun frá LV
Húð		Vísað á 112
Innkirtlar, næring, efnaskipti		Vísað á aðra sérfræðibíðunustu
Kætar		< >

**Skrá eða Hætta við.** Í horninu niðri hægra megin er hægt að smella á „Skrá“ eða „Hætta við“.



Þegar smelt er á „Skrá“ opnast aftur fyrsta skjámyndin, þar sem kennitala næsta einstaklings er sett inn.

**Eyðublöð.** Í eyðublaðaeiningunni verða sjálfkrafa til samskipti og eyðublað með upplýsingum úr sí mavaktinni. Athugið að kerfisstjóri þarf að stilla sniðmát samskipta í **stilligildi 3100**.



Heimilislæknir: Vera Heilsudóttir  
 Heilugæsla: Heilugæsla Veru  
 2 stofnanir

**15.04.2016 Símaráðgjöf - Almennar lyflækningar(T)**

Símtal: Hringt af sjó úr síma 123-4567 þann 15.4.2016 kl. 10:19 (endurinnhringing/ítrekun/afpöntun).  
 Tilefni: Augu.  
 Einkenni: Roði / bólgja í auga, F02  
 Úrlausn(ir): Vísað á 112, DW112  
 Undirritað af: Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir, Þjónusta (3959)  
 Stofnun: Saga-skema - TMS, Suðurveg 3, Sími: 545-3300

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir